



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2024-2025

júní 2025

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	3
Áfangamat	3
Dagskólanemar	3
Fjarnemar	4
Starfsmannakannanir	5
Starfsmannapúlsinn	5
Stofnun ársins	7
Nemendakönnun – Skólapúlsinn	8
Foreldrakönnun	11
Jarmið	14
Ferðajarm starfsfólks september 2024	14
Nemendajarm verkefnatímar desember 2024	14
Kennarajarm verkefnatímar desember 2024	17
Nemendajarm um aðstöðumál apríl 2025	18
Lykilmatsþættir	21
Kennsla og nám nemenda	21
Álag	21
Samskipti og umsagnir	21
Leiðsagnarmat	22
Skólabragur og gildi í ME	22
Líðan – Þættir úr Skólapúlsi nemenda – gildið gleði	22
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	23
Jafnrétti meðal starfsmanna og nemenda – gildið jafnrétti	24
Umhverfismál – gildið virðing	24
Vinnustaðurinn ME	25
Starfsandi	25
Tíðni eineltis í starfamannahópi ME	25
Vinnuálag	26
Endurmenntun	26
Markaðssetning og kynning	27
Aðrar tölfræðiupplýsingar	28
Tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar	28
Lokaorð	29

Almennt um starfið

Skólaárið 2024-2025 var sjö manna nefnd að störfum um innra mat ME. Í nefndinni voru eftirtaldir, Dagur Skírnir Óðinsson, Elín Rán Björnsdóttir, Eyrún Arnardóttir, Hlynur Ármannsson, Maríanna Jóhannsdóttir, Sigríður Klara Sigfúsdóttir og Viðar Örn Hafsteinsson. Maríanna Jóhannsdóttir var ekki með nefndinni á seinni vörspönn '25.

Viðar Örn sá um verkefnastjórn nefndarinnar líkt og árið á undan. Eyrún og Hlynur komu inn í nefndina fyrir Soffíu Ingvarsdóttur og Bergþóru Arnórsdóttir sem voru í fyrra.

Það voru haldnir 29 fundir og þar á bakvið liggja samanlagt 169 vinnustundir. Auk þess sem Viðar Örn verkefnastjóri IM og Elín Rán mannauðsstjóri sáu um kynningar fyrir starfsmenn og nemendur.

IM nefndin kom strax saman við skólabyrjun og hóf störf með fyrsta fundi 27.ágúst '24 og síðasti fundur var haldinn 14.maí '25. Fundir fóru fram einu sinni í viku og breyttust tímasetningar eftir spönnum. Lykilmatsþættir eru nú komnir til þess að vera og höfum við góða yfirsýn með þau markmið sem sett hafa verið og samanburð síðustu ára af þeim þáttum.

Skólinn tók líkt og venjulega þátt í könnuninni um stofnun ársins sem og starfsmannapúlsi sem sendur var út til starfsfólks. Niðurstöður hafa verið kynntar fyrir starfsfólki og heilt yfir fínar.

Á þessu skólaári þá voru lagðar fyrir fleiri kannanir líkt og áfangamat, fjarnemakönnun, Skólapúlsinn, foreldrakönnun, könnun fyrir jafnréttisnefnd og svo minni kannanir (Jarm) bæði til nemenda og starfsfólks.

Starf IM nefndar hefur gengið þrýðilega á skólaárinu og var svipað og síðustu ár, starfið er komið í nokkuð góða rútínu ár frá ári.

Áfangamat



Áfangamat er framkvæmt þriðju hverja spönn. Tilgangur áfangamats er að fá upplýsingar um upplifun nemenda af áföngum sem kenndir eru og að kennarar fái upplýsingar um hvernig nemendur meta stöðu sína í áföngum og gangvart kennslunni. Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans og kennarar fá niðurstöður úr áföngum sem þeir kenna.

Á þessu skólaári var ákveðið að leggja áfangamat bæði fyrir dagskólanema og fjarnema. Áfangamat fór fram bæði á fyrri haustspönn og seinni vörspönn. Samkvæmt áætlun verður áfangamat næst lagt fyrir á fyrri vörspönn 2025. Heildarniðurstaða úr áfangamati beggja hópa er mjög góð.

Dagskólanemar

Sendar voru út kannanir til dagskólanema í 519 áföngum á fyrri haustspönn og svöruðu 414 matinu, eða 80% nemenda sem er töluvert betri þátttaka en árin á undan. Á seinni vörspönn voru sendar út kannanir til dagskólanema í 531 áfanga og var svörunin þá slakari en 366 svör bárust eða 69%, þó er sú svörun betri en árið á undan.

Niðurstöður úr báðum áfangamötum voru jákvæðar og nemendur virðast almennt vera ánægðir með kennslu í áföngunum og samskipti við kennara. Um það bil 90-98% dagskólanemenda voru sammála jákvæðum fullyrðingunum sem settar voru fram í matinu. Fullyrðingarnar sem eru hér á myndunum um virkni í kennslustundum og samskipti við kennara eru dæmigerðar fyrir svörun dagskólanema.



Nemendur taka mjög virkan þátt í kennslustundum en 97% segjast sammála eða mjög sammála því í könnun sem var framkvæmd á seinni vörspönn 2025. Eins eru nemendur ánægðir með samskipti við kennara en 99% segja að samskipti við kennara áfangans séu góð.

Fjarnemar

Sendar voru út kannanir til fjarnema í 358 áföngum á fyrri haustspönn og svöruðu 73 matinu, eða rúm 20% nemenda sem getur ekki talist góð þátttaka og í raun það léleg að einstaka svör voru ekki birt kennurum heldur einungis farið yfir heildar niðurstöður. Á seinni vörspönn voru sendar út kannanir til fjarnema í 483 áfanga og var svörunin betri en 126 svör bárust eða 26%, þó að sú svörun sé ekki nálægt svörun dagskólanema þá var svörun nægilega góð til þess að birta hana fyrir þeim kennurum sem flest svör fengu.


Niðurstöður úr báðum áfangamötum fjarnema voru jákvæðar líkt og hjá dagskólanemum en nemendur virðast einnig almennt vera ánægðir með samskipti, kennslu og uppsetningu námsins. Um það bil 90-98% fjarnema voru sammála þeim jákvæðu fullyrðingum sem settar voru fram í matinu.

Starfsmannakannanir


Starfsmannapúlsinn

Starfsmannapúlsinn var lagður fyrir í mars 2025. Rannsóknin var aðkeypt meðal annars til að fá samanburð við aðrar stofnanir, en rétt áður en hún var lögð fyrir fengum við þær fregnir að ekki yrði samanburðarhópur við aðra framhaldsskóla. Ákveðið var að taka hana samt til að sjá þróun milli ára en ákveða þarf á næsta skólaári hvort könnunin verði keypt ef ekki verður samanburður við framhaldsskóla. Það svöruðu 45 af þeim 49 sem fengu könnunina senda, eða tæplega 92%.


Heildar niðurstöður eru heilt yfir góðar fyrir ME en nokkra þætti þarf að skoða vel, t.d. einelti og kynferðislegt ofbeldi sem mældist núna. Á starfsdögum verður unnið með samskipti og samskiptasáttmála í ME.



Vinnuálag er þáttur sem unnið hefur verið með síðustu ár og en stofnunin hækkar úr 3,8 í 3,9 milli ára. Hækkunin telst ekki mikil. Niðurstöður eru góðar og er ME marktækt fyrir neðan landsmeðaltal fjórða árið í röð.



Það er ákaflega jákvætt að sjá hve skuldbinding við vinnustaðinn er há, þrátt fyrir lækkun síðustu ár. Helgun starfsmanna í starfi er afar eftirsóknarvert að hafa. Árið 2022 mældist ME 5,8 í skuldbindingu til vinnustaðarins en hækkaði svo upp í 6,2 árið 2023. 2024 lækkum við aftur niður í 5,9 og nú 2025 í 5,7. Þrátt fyrir lækkun síðustu ár erum við enn á nokkuð góðum stað og ef miðað er við þann niðurskurð sem hefur verið í gangi síðastliðin ár er ánægjulegt að sjá að þetta hefur ekki dalað meira.




Þróunin hefur verið afar jákvæð síðustu ár en við stöndum í stað milli ára núna. Starfsandi er engu að síður góður á vinnustaðnum þó áskoranir séu alltaf til staðar sem þarf að sinna. ME er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal hvað starfsanda varðar, 6 árið í röð.

Einn af þeim þáttum sem kom verst út þetta árið var um styttingu vinnuviku. Þó ber að hafa í huga að stytting vinnuvikunnar á ekki við um kennara svo eðlilegt er að margir merki við að það eigi ekki við um þá. Unnið var að því að skýra styttingu vinnuvikunnar í vetur en ljóst er að vinna þarf meira með það verkefni og skýra betur.

Einelti hefur mælst í stofnuninni um langt skeið en ekki hafa komið fram kvartanir um einelti. Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að vinna að forvörnum. Árlega er framkvæmt félagslegt áhættumat, eineltisferlar skoðaðir, þeir kynntir og unnið með samskipti, bæði á námskeiðum og minnt er á mikilvægi góðra samskipta með reglulegum hætti. 4 einstaklingar merktu við að þeir hafi orðið fyrir einelti og 4 merktu við að þeir hafi séð aðra verða fyrir einelti. Einhverjar ábendingar skiluðu sér til mannauðsstjóra eftir að niðurstöður voru kynntar fyrir starfsfólki. Í fyrsta skipti síðan þessar mælingar hófust voru 2 sem merktu við að þeir hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Ekki hafa komið ábendingar eða kvartanir til stjórnenda vegna þessa. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Unnið var á starfsdögum með samskipti milli starfsfólks og unnið að samskipta sáttmála sem unnið verður áfram með í haust.

3.8. Einelti (þú) – Ársmeðaltöl



Í opnum svörum voru nokkrar ábendingar sem unnið verður áfram með, en mikið af jákvæðum ábendingum komu einnig fram.


Þrátt fyrir erfiðar niðurstöður um einelti og kynferðislegt ofbeldi eru heildar niðurstöður könnunarinnar góðar. Starfsfólk er ánægt með leikni sína í starfi, vinnulag er í lagi og mikil ánægja er með vinnuaðstöðu. Þá er starfsfólk ánægt með stuðning frá samstarfsfólki og stuðning frá stjórnendum.

Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á vegum Sameykis árlega var lögð fyrir í október til desember 2024. 37 tóku þátt í ME en þeir starfsmenn sem hófu störf að hausti fengu könnunina ekki senda. Listi var tekinn úr Orra og þurftu starfsmenn að vera í ákveðnu starfshlutfalli og hafa verið að störfum bæði vorið 2024 og haustið 2025. Í ME var svörun yfir 80%. ME var í fjórða sæti í flokki meðalstórra stofnana með 40-89 starfsmenn. Heildareinkunn ME var 4,48 af 5 mögulegum, hækkaði um 2 stig á milli ára en lækkaði um 1 sæti. Ef heildarlisti allra stofnana er skoðaður er ME í 16. sæti og er jafnframt í 6. sæti yfir framhaldsskóla landsins. Niðurstöður úr Stofnun ársins eru í takt við niðurstöður Starfsmannapúlsins, almennt góðar niðurstöður. Þeir þættir sem lækka mest milli ára í Stofnun ársins eru launakjör og sveigjanleiki vinnu en skýringar er meðal annars að finna í því að stofnunin hefur þurft að skera niður í starfsemi sinni. Unnið verður að umbótum til að færast aftur meðal efstu stofnana.

Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður og samanburð við aðra stofnanaflokka.

Helstu niðurstöður - Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki




Nemendakönnun – Skólapúlsinn

Við framkvæmd nemendakönnunar vetrarins var ákveðið að fara sömu leið og árin á undan, þ.e. að taka þátt í Skólapúlsinum. Könnunin var lögð fyrir nemendur ME í október. Svörun fór hægt af stað og þegar líða fór á mánuðinn var minnt á könnunina. Svörun var mjög góð hjá nemendum.


Markmið Skólapúlsins er að mæla þætti sem lúta að námsumhverfi, virkni í námi, líðan og auk þess gefst nemendum tækifæri til að svara opnum spurningum. Einn meginkostur þess að taka þátt í Skólapúlsinum er að skólanum gefst tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu. Það var aðal ástæða þess að ákveðið var að taka þátt sjötta árið í röð.

Þetta er annað árið í röð sem Skólapúlsinn mælir jafnrétti en þremur spurningum var bætt inn í könnunina árið 2023. Í könnuninni núna var tveimur spurningum um notkun spjallmennis bætt inn. Spurt er um hvort nemandi hafi notað spjallmanni til að leysa skólaverkefna og hve oft á síðustu 12 mánuðum. Þetta er áhugaverð og þörf viðbót.


1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum – Ársmeðaltöl




Viðhorf og hollusta kemur vel út og eykst um rétt tæp 5% á milli ára og hefur aldrei áður mælst svo hátt hjá skólanum í Skólapúlsinum. Viðmiðið lækkar aðeins á milli ára og er munurinn milli ME og viðmiðs núna 13,5% en var 5,7% í fyrra.




Stuðningur kennara við nemendur mælist góður og hækkar á milli ára meðan viðmiðið er nánast það sama og í fyrra. Þetta er ánægjulegt að sjá þar sem stuðningurinn fór niður á við í fyrra.





Eftir að hafa tekið nokkra dýfu í tíðni leiðsagnarmats í könnuninni 2023 mælist þessi þáttur betri í ár með hækkun upp á 0,4. ME hefur verið að vinna með leiðsagnarnám síðustu árin og gott er að fylgjast vel með þessum þætti.





Nú er kominn samanburður milli tveggja ára um jafnrétti í skólanum. Viðmiðið fer niður á við á meðan ME fer upp um 0,3. Samkvæmt þessu stendur ME vel miðað við aðra skóla hvað jafnrétti varðar.





Formlegar skyldur í ME lækka milli ára og mælast svipað og árið 2022. Undirþátturinn skóli lækkar um 0,4 klst. á viku á meðan heimavinna lækkar um 0,6 klst. á viku. Heimanámstími mælist jafn viðmiðinu. Launuð vinna mælist 4,5 klst. á viku sem er mun lægra en viðmiðið sem er 8,7 klst. á viku. Tími sem fer í tómstundir eykst lítillega.



Velliðan lækkar örlítið á milli ára en er enn aðeins fyrir ofan viðmiðið. Þessi þáttur virðist rokka upp og niður milli ára frá 4,5-5. Hamingja nemanda í ME heldur áfram að aukast og eykst um 3,1 á milli ára. Það er mikilvægt að nemendum líði vel í skólanum og að þau séu hamingjusöm.



Þunglyndi hefur aukist mikið á milli ára og hefur ekki mælst þetta hátt áður. Þunglyndi mælist fyrir ofan viðmið á meðan kvíði lækkar en kvíði er þó enn að mælast hætti en þunglyndi. Þó velliðan og hamingja komi vel út eru þunglyndi og kvíði að mælast frekar há og eru þetta þættir sem huga þarf vel að og fylgjast með.



Einelti, áreitni og ofbeldi heldur áfram að aukast og hafa þessir þættir ekki mælst svona háir á síðustu sex árum. Einelti mælist hærra við ME heldur en viðmiðið þó viðmiðið sé einnig að hækka á milli ára. Áreitni og ofbeldi mælist aðeins fyrir neðan viðmið sem lækkar örlítið frá síðustu könnun. Þetta er þróun sem ná þarf tókum á og snúa við. Nemendabjónusta og skólameistari eru upplýst um stöðuna og vonandi fara þessir þættir að mælast lægri á næstu árum.

Í lokin voru opnar spurningar þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig um hvað væri gott og hvað væri slæmt við skólann. Það sem helst var nefnt gott við skólann var góður andi, félagslífið kennararnir og spannakkerfið. Svör um hvað mætti betur fara í skólanum voru mjög fjölbreytt en nokkrir nefndu að salerni mættu vera snyrtilegri og matur á kvöldinn betri.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var send út í byrjun febrúar og var opin í tæpar þrjár vikur. Foreldrar fengu sendar tvær ítrekanir á þessum tíma. Könnunin var síðast framkvæmd vor 2022 og er næst á áætlun 2027.

IM-nefnd gerði breytingar á úrtaki þetta árið, könnunin var aðeins send á forráðafólk nemenda yngri en 18 ára. Ástæða breytingana er að fram að þessu hefur ekki verið hægt að sjá hvort nemendur 18 ára og eldri eða foreldrar þeirra hafi fengið senda könnunina. IM-nefnd telur með þessu meiri áreiðanleika í svörun og verður þetta svona í næstu könnunum.

84 svöruðu könnuninni þetta vorið. Meirihluti svarenda voru mæður eða 70%. Niðurstöður voru góðar og kemur samantekt um það hér að neðan.

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	TOTAL
ME er góður skóli	79.27% 65	20.73% 17	0.00% 0	0.00% 0	82
Ég ber traust til skólans	77.11% 64	22.89% 19	0.00% 0	0.00% 0	83

Forráðamenn nemenda bera traust til skólans og þykir ME góður skóli, tæp 80% voru mjög sammála því að ME væri góður skóli.

	MJÖG GÓÐ	GÓÐ	SLÆM	MJÖG SLÆM	HEF EKKI HAFT SAMSKIPTI VIÐ AÐILANN	TOTAL
▼ Samskipti mín við skólameistara eru	72.62% 61	16.67% 14	1.19% 1	0.00% 0	9.52% 8	84
▼ Samskipti mín við áfangastjóra eru	45.78% 38	13.25% 11	0.00% 0	0.00% 0	40.96% 34	83
▼ Samskipti mín við námsráðgjafa eru	39.76% 33	15.66% 13	0.00% 0	1.20% 1	43.37% 36	83
▼ Samskipti mín við félagsráðgjafa eru	34.15% 28	6.10% 5	0.00% 0	1.22% 1	58.54% 48	82
▼ Samskipti mín við kennara nemandans eru	26.19% 22	21.43% 18	0.00% 0	0.00% 0	52.38% 44	84
▼ Samskipti mín við umsjónarmann heimavistar eru	20.00% 16	10.00% 8	0.00% 0	0.00% 0	70.00% 56	80

Samskipti við starfsfólk skólans eru heilt yfir góð líkt og sjá má á þessari töflu hér að ofan.

	MJÖG VEL	VEL	ILLA	MJÖG ILLA	TOTAL
▼ Ég tel að spannir (8 vikur) henti nemandanum	71.08% 59	25.30% 21	2.41% 2	1.20% 1	83
▼ Ég tel að verkefnatímar henti nemandanum	67.47% 56	26.51% 22	6.02% 5	0.00% 0	83
▼ Ég tel að nemandinn nýti verkefnatímana til náms	39.76% 33	55.42% 46	4.82% 4	0.00% 0	83

96% forráðafólks telur að spannir henti nemandanum vel. Sama er með verkefnatíma sem 94% telja verkefnatíma henta nemendum vel og þeir nýti þá vel til náms 95%.

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	TOTAL
▼ Upplifun mín er að nemandinn standi sig vel í námi	46.99% 39	51.81% 43	1.20% 1	0.00% 0	83
▼ Upplifun mín er að nemandinn fái nám við hæfi	46.99% 39	51.81% 43	1.20% 1	0.00% 0	83
▼ Upplifun mín er að nemandinn hafi tök á að ljúka verkefnum á skólatíma	26.19% 22	55.95% 47	15.48% 13	2.38% 2	84
▼ Upplifun mín er að nemandinn öðlist nægan undirbúning í ME fyrir frekara nám eða störf	39.76% 33	59.04% 49	1.20% 1	0.00% 0	83
▼ Upplifun mín er að nemandinn fái nám á sínu áhugasviði í skólanum	37.35% 31	54.22% 45	8.43% 7	0.00% 0	83
▼ Upplifun mín er að nemandinn nýti sér gervigreind í námi	19.23% 15	48.72% 38	26.92% 21	5.13% 4	78
▼ Ég tel að þörf sé fyrir aukð framboð verknámsáfanga við skólann	31.25% 25	47.50% 38	20.00% 16	1.25% 1	80

Langflestir upplifa það að nemandinn fái nám við hæfi. Ekki eru eins margir sem telja að nemandinn hafi tök á því að klára verkefni á skólatíma, tæp 18% telja að nemandinn svo ekki vera. En það má taka fram að í opnum svörum þá komu svör frá foreldrum að kerfið sé gott en þau telja börnin ekki nýta verkefnatíma nægjanlega vel.

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	TOTAL
▼ Upplifun mín er að nemandanum líði vel í skólanum	55.95% 47	36.90% 31	4.76% 4	2.38% 2	84
▼ Upplifun mín er að nemandinn finni fyrir streitu í skólanum	4.76% 4	20.24% 17	55.95% 47	19.05% 16	84
▼ Upplifun mín er að nemandinn finni fyrir hamlandi kvíða í skólanum	4.82% 4	15.66% 13	43.37% 36	36.14% 30	83
▼ Upplifun mín er að nemandinn hafi ánægju af því að vera í skólanum	42.86% 36	52.38% 44	3.57% 3	1.19% 1	84
▼ Ég tel að nemandinn elgi vinnu/vini í skólanum	58.33% 49	33.33% 28	5.95% 5	2.38% 2	84
▼ Ég tel að nemandinn taki þátt í félagslífi innan skólans	23.81% 20	54.76% 46	16.67% 14	4.76% 4	84
▼ Ég tel að skólinn komi til móts við félagslegar þarfir nemandans	28.92% 24	62.65% 52	7.23% 6	1.20% 1	83

Flest telja að nemandanum líði vel og hafi ánægju á að vera í skólanum. Eins telja flestir að komið sé á móts við félagslegar þarfir nemandans .

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	Á EKKI VIÐ	TOTAL
▼ Ég fylgist með mætingu nemandans	67.86% 57	30.95% 26	0.00% 0	0.00% 0	1.19% 1	84
▼ Ég fylgist með einkunnum nemandans	61.45% 51	33.73% 28	2.41% 2	0.00% 0	2.41% 2	83
▼ Ég fylgist með verkefnavinnu nemandans	34.52% 29	46.43% 39	16.67% 14	1.19% 1	1.19% 1	84
▼ Ég skoða Canvas kennsluvefinn hjá nemandanum	7.23% 6	31.33% 26	42.17% 35	15.66% 13	3.61% 3	83
▼ Ég er sátt/ur við reglur skólans um mætingar	59.52% 50	35.71% 30	4.76% 4	0.00% 0	0.00% 0	84
▼ Miðspannarmat gagnast mér til að fylgjast með námsgengi nemandans	48.81% 41	46.43% 39	3.57% 3	0.00% 0	1.19% 1	84
▼ Ég tel að nemandanum líði vel á heimavist ME	32.10% 26	17.28% 14	1.23% 1	1.23% 1	48.15% 39	81

Forráðafólk fylgist vel með mætingu og einkunnum nemenda, færri eru sammála því að þau fylgist með verkefnavinnu nemandans eða rúm 80%.

Innan við helmingur fylgist með Canvas hjá nemandanum. Langflestir sem eiga nemanda á heimavist ME telja að þeim líði vel þar.

Jarmið


Jarmið eru mjög stuttar kannanir sem byggja á því sem er í gangi hverju sinni. Skólaárið 2024-2025 voru eftirfarandi málefni lögð fyrir þar sem starfsmenn fengu tvær kannanir en nemendur tvær.

Að auki aðstoðaði Innra matið jafnréttisnefnd skólans þar sem lagðar voru fyrir spurningar til kennara tengdum jafnrétti í áföngum sem jafnréttisnefnd kynnti kennurum.

Ferðajarm starfsfólks september 2024

Í upphafi skólaárs var könnun lögð fyrir starfsfólk um hvort það væri áhugi fyrir því að fara í starfsmannaferð erlendis að loknu kennsluárinu. Umræða hafði átt sér stað að fara til Spánar í sjálfseflingarferð. Könnunin var stutt, einungis tvær spurningar.

Q1 Hefur þá áhuga á að fara í starfsmannaferð í lok skólaárs?



31 starfsmaður tók þátt og höfðu um 75% þátttakanda áhuga á því að fara með. Að auki var spurt um hvort viðkomandi reiknaði með að maki kæmi með og þar svöruðu tæplega 60% já.

Nemendajarm verkefnatímar desember 2024


Í lok seinni haustspannar var send út könnun bæði til nemenda og kennara um það hvernig nýting verkefnatíma væri.

Áhugavert er að bera saman upplifun og skoðun nemenda annars vegar og svo kennara.

Byrjum á því að skoða helstu niðurstöður nemendamegin en 86 nemandi tók þátt í könnuninni.

Q1 Hversu vel eða illa nýtir þú verkefnatíma til náms?


Answered: 86 Skipped: 0



Þegar spurt var hversu vel eða illa nemendur töldu sig nýta verkefnatíma var mikill meirihluti sem taldi sig nýta þá ýmist mjög vel eða vel eða um 75%. Áberandi er hversu fáir nemendur telja sig nýta þá mjög illa.

Q3 Út frá hverju velur þú verkefnatíma? (Hægt að velja fleira en eitt)


Answered: 85 Skipped: 1



Hvar vinir nemenda eru í verkefnatímum virðist stærsta breytan í því hvar nemendur velja sér að vera í verkefnatímum en einnig velja þó stofu út frá kennara eða stofu en 40% segjast ekki breyta töflunni heldur mæta í verkefnatíma þangað sem þeir eru settir.

Q4 Nýtir þú aðstoð kennara í verkefnatímum?


Answered: 86 Skipped: 0



Tæpur helmingur nemenda segist nýta aðstoð kennara oft eða stundum í verkefnatímum á meðan að rúmur helmingur þeirra nýtir sér aðstoð þeirra sjaldan eða aldrei.

Q5 Hvað gerir þú í verkefnatímum? (Hægt að velja fleira en eitt)

Answered: 86 Skipped: 0




Það er misjafnt hvað nemendur aðhafast í verkefnatímum eins og myndin að ofan sýnir. Þó segjast um 90% nemenda nýta tímana í að læra en það er þó margt annað sem er einnig gert í tímunum eins og að spjalla, vinna með öðrum nemendum og þá segist tæplega 40% nemenda hvíla sig í þeim.

[Kennarajarm verkefnatímar desember 2024](#)

Á sama tíma og verkefnatímakönnunin var send út til nemenda var mjög áþekk könnun send til kennara.

Q1 Hversu vel eða illa telur þú að nemendur nýti verkefnatíma til náms?


Answered: 22 Skipped: 0



Upplifun kennara á því hvort nemendur nýti verkefnatíma er allt önnur og dökkari en nemenda. Þannig töldu tæp 60% þeirra 22 kennara sem tóku þátt í könnuninni að nemendur nýttu þá illa.

Q3 Nýta nemendur aðstoð þína í verkefnatímum?

Answered: 22 Skipped: 0



Tæplega 70% kennara segja nemendur nýta aðstoð þeirra oft eða stundum í verkefnatímum á meðan að tæplega 30% segja það sjaldan. Enginn kennari svaraði því að nemendur leituðu aldrei eftir aðstoð.

Þegar að kennarar voru spurðir hvað nemendur nýttu verkefnatíma var ýmislegt týnt til en flestir eru þó sammála um að nemendur læri þó svo þeir gera sitt hvað annað í tímunum eins og að spjalla, séu á samfélagsmiðlum og hvíli sig svo eitthvað sé nefnt.

[Nemendajarm um aðstöðumál apríl 2025](#)

Könnun var send út til nemenda í upphafi apríl mánaðar þar sem ánægja þeirra með allskyns aðstöðu í kennslu- og heimavistarhúsi var skoðuð en þátt í henni tóku 73 nemendur.

	MJÖG ÁNÆGÐ/UR	ÁNÆGÐ/UR	ÓÁNÆGÐ/UR	MJÖG ÓÁNÆGÐ/UR	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
Internet í kennsluhúsi	22.54% 16	66.20% 47	9.86% 7	1.41% 1	71	1.90
Internet í heimavistarhúsi	15.71% 11	55.71% 39	27.14% 19	1.43% 1	70	2.14
Hitastig í matsal	26.09% 18	65.22% 45	7.25% 5	1.45% 1	69	1.84
Hitastig í hátíðarsal	20.00% 14	40.00% 28	35.71% 25	4.29% 3	70	2.24
Hitastig í Smjörfjöllum	20.00% 14	44.29% 31	28.57% 20	7.14% 5	70	2.23
Hitastig í kennsluhúsi	26.76% 19	61.97% 44	11.27% 8	0.00% 0	71	1.85
Loftgæði í heimavistarhúsi	15.94% 11	57.97% 40	21.74% 15	4.35% 3	69	2.14
Loftgæði í kennsluhúsi	21.43% 15	77.14% 54	1.43% 1	0.00% 0	70	1.80
Lýsingu í heimavistarhúsi	37.68% 26	57.97% 40	4.35% 3	0.00% 0	69	1.67
Lýsingu í kennsluhúsi	34.29% 24	64.29% 45	1.43% 1	0.00% 0	70	1.67
Aðgengi að rafmagni í kennslustofum	15.49% 11	61.97% 44	21.13% 15	1.41% 1	71	2.08
Salernisaðstöðu í heimavistarhúsi	26.47% 18	58.82% 40	13.24% 9	1.47% 1	68	1.90
Salernisaðstöðu í kennsluhúsi	21.74% 15	68.12% 47	5.80% 4	4.35% 3	69	1.93
Aðstöðu til ruslafflokkunar í heimavistarhúsi	42.03% 29	56.52% 39	0.00% 0	1.45% 1	69	1.61
Aðstöðu til ruslafflokkunar í kennsluhúsi	40.00% 28	58.57% 41	1.43% 1	0.00% 0	70	1.61


Eins og sjá má á töflunni er yfirgnæfandi nemenda ánægður með alla þætti sem spurt var um tengt klósettaðstöðu, lýsingu, hitastigi og interneti, það skoraði verst var hitastig í heimavistarhúsi bæði á Hátíðarsal og í Smjörfjöllum. Þá mætti internet í heimavistarhúsi og loftgæði í heimavistarhúsi var betra að mati hluta nemenda.

Þegar spurt var í hvaða kennslustofu nemendur kynnu best við sig í verkefnatímum voru þrjár stofur áberandi hæstar: Hátíðarsalur, Nes og Smjörfjöll.

Þættir tengdir mótuneyti komu vel út, ný uppstilling í Mötuneyti mældist þannig mjög vel en næstum allir nemendur sem tóku þátt í könnuninni voru ánægðir með hana og mikill meirihluti er ánægður með matinn.

Q4 Hversu ánægður/óánægður ert þú með aðstöðu til félagslífs/afþreyingar fyrir nemendur í ME?

Answered: 69 Skipped: 2



Að lokum voru nemendur spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með aðstöðu til félagslíf/afþreyingar.

Þær niðurstöður voru mjög jákvæðar þar sem ríflega 90% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með aðstöðuna.

Lykilmatsþættir


Árið 2022 hófst vinna við gerð lykilmatsþátta sem hugmyndin er að aðstoði Innra matið við að halda utan um lykil tölur, þær nýttar til að setja markmið um framhaldið og gera stefnumiðin betri varðandi ýmsa þætti sem mældir eru. Mikil rannsóknarvinna fór fram, gögn sótt víðsvegar að með hugmyndafræði „KPI’s“ (Key Performance Indicators) að leiðarljósi. Úr varð að nokkuð margir þættir voru að lokum valdir, með þrjá yfirkafla, mikið til þættir sem þegar eru teknir saman en í þessari vinnu myndast tækifæri til að taka þá saman á einn stað, setja markmið og ákveða næstu skref.

Kennsla og nám nemenda

Í þessum flokki eru þættirnir álag sem metið er í áfangamati, samskipti og umsagnir úr áfangamati ásamt því hversu fljótt kennari skilar umsögn til nemenda. Þá meta nemendur tíðni leiðsagnarmats í Skólapúlslinum. Tekið var út formlegar skyldur í dæmigerðri viku þar sem það þótti ekki bæta við neinu við það sem við þegar vissum. Nemendur meta þar tíma sem fer í bundið nám í skólanum sem við sjáum þegar í stundatöflum.


Álag

Álag er metið í áfangamati en þá svara nemendur því hversu margar klukkustundir þeir nota til að sinna námi í áfanganum fyrir utan bundnar kennslustundir. Markmiðið er að nemendur noti 2-4 klukkustundir í hvern áfanga í samræmi við fjölda verkefnatíma. Við metum það svo að eðlilegt telst að um 60% nemenda séu með 2 klst eða meira í hverjum áfanga. Markmiðinu var ekki náð vorið 2025 þar sem um 58% nemenda voru með 2 klst eða meira í hvern áfanga.




Samskipti og umsagnir

Úr áfangamati sem er framkvæmt þriðju hverju spönn meta nemendur hvort kennarinn bregðist vel við athugasemdum og spurningum, hvort samskipti nemandans við kennarann séu góð og hvort kennarinn skili umsögnum fljótt til nemenda. Markmið okkar er að vera yfir 95% ánægju fyrir alla liði. Því markmiði er náð vorið 2025. Ánægja spannaði frá 95% upp í 99%



Leiðsagnarmat

Tíðni leiðsagnarmats er metið í Skólapúlsinum. Matspátturinn er myndaður úr fjórum spurningum. Markmið ME er að vera heilum yfir landsmeðaltali á hverju ári, enda gefum við okkur út fyrir að vera skóli sem leggur áherslu á leiðsagnarmat. Þetta markmið náðist vorið 2025.



Skólabragur og gildi í ME

Í þessum þættir eru flokkarnir Líðan nemenda sem við tengjum við eitt af gildum ME - Gleði. Þá er viðhorf og hollusta gagnvart skólanum metið úr skólapúlsinum varðandi nemendur, úr foreldrakönnun og úr starfsmannakönnun. Þannig fáum við sjónarmið 3 haghópa ME. Við mælum einnig jafnrétti, bæði hjá nemendum og starfsfólki en jafnrétti er eitt af þremur gildum ME. Þá höfum við umhverfismál inni í þessum flokki líka og tökum þá upplýsingar úr grænu bókhaldi ME. Við tengjum umhverfismálin við þriðja gildi ME - Virðingu.

Líðan – Þættir úr Skólapúlsi nemenda – gildið gleði

Þeir þættir sem voru teknir úr Skólapúlsi er snúa að líðan nemenda eru vellíðan, hamingja, kvíði, einelti og svefnleysi. Markmiðin eru eftirfarandi varðandi þessa þætti

Vellíðan - Sjá hækkun á milli ár næstu 3 árin


Hamingja - Ná hamignju yfir 80% á næstu 3 árum

Kvíði - Hlða kvíða undir 30%

Einelti - Ná tíðni niður um 1% á hverju ári næstu 3 árin


Svefnleysi – Halda undir 30%

Þremur af 5 markmiðum hefur verið náð vorið 2025 í þessum flokki.




Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum


Þrír þættir voru valdir undir þessum flokki. Úr Skólapulsinum eru fimm spurningar sem mynda matsþáttinn viðhorf og hollusta gagnvart skólanum en þar eru nemendur spurðir út í upplifun sína af skólanum. Markmiðið er að vera yfir 78% í ánægju þar næstu 3 árin. Markmiðið náðist haustið 2024 (þó ekki 3 ár í röð).



Spurt var um traust og viðhorf úr foreldrakönnun. Þar eru svör úr fullyrðingunum „ME er góður skóli“ og „Ég ber traust til skólans“ tekin saman. Þeir sem eru mjög sammála og sammála mynda hlutfall ánægðra foreldra. Markmiðið eru að vera yfir 95% ánægju foreldra og það náðist vorið 2025




Þriðji og síðasti þátturinn af viðhorfum og hollustu gagnvart skólanum er tekið úr starfsmannapúlssi en þar er saman tekinn þáttur úr þremur spurningum sem mynda matsþáttinn. Kvarðinn þar er frá 1 og upp í 9 og er markmiðið að vera yfir 6 í árlegum starfsmannapúlssi. Markmiðið náðist ekki vorið 2025




Jafnrétti meðal starfsmanna og nemenda – gildið jafnrétti

Mælt var jafnrétti í Skólapúlslinum í fyrsta skiptið fyrir tilstuðlan innra mats ME. Fyrsta mæling fór fram 2023 og gaf til kynna að ME væri fyrir miðju meðal skóla sem tóku könnunina. Kvarðinn er frá 1-9. Markmið ME er að vera yfir 5.5 á næstu 3 árum en við erum meðvituð um að við gætum þurft að endurskoða markmiðið þegar meiri reynsla er komin á mælingar. Markiðið náðist hvortki 2023 né 2024




Jafnrétti hefur verið mælt í stofnun ársins í langan tíma og þar eru 6 spurningar sem mynda matsþáttinn. ME náði markiði sínu að vera yfir 4,5 af 5 mögulegum vorið 2025.



Umhverfismál – gildið virðing

Mælikvarði fyrir umhverfismálin var ákveðinn í samráði við formann umhverfisnefndar, en þar eru mun fleiri þættir sem eru mældir sem eru hluti af grænum skrefum. Við ákváðum að hafa einungis einn af þeim þáttum inni í lykilmatsþáttum. Markmiðið er að minnka óflokkaðan úrgang og því sýnum við óflokkaðan úrgang, flokkaðan úrgang og endurvinnsluhlutfall á flokkuðum úrgangi stofnunarinnar. Markið þessa þáttar er að auka flokkun úrgangs þannig að flokkaður úrgangur verði meira en 80% af úrgangi stofnunarinnar (endurvinnsluhlutfallið).

Fjármálastjóri hefur sett innöll gögn varðandi Grænu skrefin 2024, en einhverra hluta vegna birtast ekki allar tölur á síðunni graenskref.is. Fjármálastjóri mun senda póst vegna málsins og þetta verður vonandi klárt í haust og svo áfram inn í framtíðina. Ef ekki, þurfum við að endurskoða hvaða gildi við mælum.




Vinnustaðurinn ME

Mjög mikilvægt er að halda uppi jákvæðum og góðum starfsanda í ME svo eftirsóknarvert sé að starfa við skólann. Þeir flokkar sem eru í flokkun vinnustaðurinn ME eru Starfsandi, Tíðni eineltis í starfsmannahópi ME, vinnuálag, endurmenntun og markaðssetning og kynning.


Starfsandi

Almenn starfsánægja er í ME og menning þess eðlis að hjálpssemi og jákvætt andrúmsloft einkennir andann. Starfsandi mælist töluvert hærri í stofnun ársins en í starfsmannapúlsi, en gott að er að hafa hugfast að ekki er um sömu spurningar að ræða í báðum könnunum. Markmið sem IM hópurinn setti er að starfsandi sé ofan við 70% í mælingum starfsmannapúls og ofan við 90% í Stofnun ársins. Hvorugu markmiði var náð í maí 2024 en bæði náðust vorið 2025.




Tíðni eineltis í starfamannahópi ME

Einelti hefur því miður mælst í könnunum undanfarin ár en ekki hefur verið tilkynnt um slíkt. Stöðugt er unnið að því að bæta félagslegt vinnuumhverfi og reglulega minnst á eineltisáætlun og viðbragðsáætlun. Unnið hefur verið í hópum til að greina þætti í menningu starfsmannahóps og rætt einslega við alla sem lokið hafa starfsmannasamtali. Unnið verður áfram að forvörnum, meðal annars með námskeiði um samskipti og minna stöðugt á málaflokkinn. Markmið okkar er að ekki mælist einelti í starfamannahópi ME en því hefur það ekki náðst, heldur þvert á móti hefur það aukist.




Vinnuálag

Vinnuálag er töluvert í ME. Teknar eru saman upplýsingar úr starfsmannapúlsi um vinnuálag, en þar eru 3 spurningar sem mynda matsþátt. Svo eru teknar upplýsingar um streitu og vinnuálag í stofnun ársins. Markmiðið er að vinnuálag mælist ekki hærra en 40% og að streita og vinnuála mælist ekki hærra en 20%. Hvorugt markmið náðist vorið 2025




Breyting var á því hvernig streitueinkenni voru mæld í stofnun ársins í ár svo ekki var hægt að bera það saman við fyrri tölur. Því koma ekki nýjar tölur frá 2024 í þann þátt.



Endurmenntun


Í öllum stofnanasamningum háskólamenntaðra við ME gilda ákveðin endurmenntunarkerfi þar sem safna þarf 50 stigum til að halda tímabundnu endurmenntunarþrepi á hverju ári. Mjög margir nýta

sér þetta kerfi og skiptir það stofnunina miklu máli, svo skólinn megi vera í fremstu röð. Af þeim sem geta nýtt 50 stiga kerfið eru 81% sem nýta það. IM setti markmið upp á 90% upphaflega en innramats hópurinn minnkaði það niður í 85% næstu ár. Markmiðið náðist ekki vorið 2025.



Markaðssetning og kynning

Kynning á skólanum skiptir miklu máli í skólastarfinu. Leitast er við að kynna skólann með margvíslegum hætti, opið hús er haldið fyrir nemendur og forráðafólk, farið í skólakynningar og auk þess fer fram fjölbreytt kynning á samfélagsmiðlum skólans. Hér er sýnt hversu stórt hlutfall nemenda af upptökusvæði skólans velur að koma í ME. Samkvæmt því hefur minnkandi hlutfall nemenda á upptökusvæði skóla sótt í ME, hlutfallið var tæplega 60% árin 2021 og 2022 en lækkaði í 47% haustið 2023. Árið 2024 fengum við aðeins tæplega 43% af nemendum af svæðinu. Árið 2025 lítur mjög vel út, en endanlegar tölur eru ekki ljósar. Upptökusvæðið miðast við Austurland. Markmið IM er að ná 60% nemenda af upptökusvæði í skólann.




Aðrar tölfræðiupplýsingar

Við þá vinnu að taka saman og ákveða lykilmatsþætti voru nokkrir þættir sem enduðu utan lykilmatsþáttanna en eru engu að síður teknir saman hér. Meðal þess eru tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar.

Tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar

Þegar skoðaðar eru tölur um skólasókn dagskólanema og meðaleinkunn í áföngum skólans kemur fram nokkur fylgni. Áhugavert er að skoða hvort fylgni sé alltaf á milli þessarra tveggja þátta eða hvort þetta sé háð fleiri þáttum, eins og t.d. misjanri námslegri stöðu árganga, eða utanaðkomandi þátta. Á haustin virðast nemendur alltaf vera með betri mætingareinkunn en á vorin. Ýmsir þættir geta skýrt þetta, en helst kemur í hugann þrá eftir sumrinu og námsleiði þegar líður á vorið.



Lokaorð

Starfið hjá IM-nefnd gekk vel skólaárið 2024-2025, fundað var að jafnaði einu sinni í viku. Við náðum að ljúka þeim verkefnum sem lagt var upp með á skólaárinu.

Niðurstöður kannana sýna að það er ánægja með starf skólans að hálfu nemenda, foreldra og starfsfólks.

Eins og áður þá þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja því eftir sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Viðar Örn Hafsteinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Dagur Skírnir Óðinsson

Sigríður Klara Sigfúsdóttir

Eyrún Arnardóttir